



Til alþingismanna  
sem kjörnir voru til setu á Alþingi  
á tímabilinu 2007 til 2016.

Reykjavík, 5. júní 2018

1806016  
0.42.0

Forsætisnefnd Alþingis tók fyrr á þessu ári ákvörðun um að birta á vef Alþingis upplýsingar um laun og kostnaðargreiðslur til þeirra þingmanna er nú sitja á Alþingi. Forsætisnefnd hefur jafnframt ákveðið að birta á vef Alþingis sams konar upplýsingar frá alþingiskosningunum 2007.

Gögn um þingfararkostnað þingmanna geyma persónuupplýsingar og telst birting þeirra því til vinnslu í skilningi laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Heimild til birtingu þeirra byggir á 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna, að „vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna“. Við það mat hefur forsætisnefnd litið til þess að sú stjórnýsla sem felst í framkvæmd laga nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, er í eðli sínu ekki frábrugðin annarri opinberri stjórnýslu. Óskráðar meginreglur um upplýsingarétt almennings geta því átt við um þessa starfsemi Alþingis. Við beitingu slíkra reglna hefur enn fremur þýðingu sú stefnumótun sem fram kemur í gildandi upplýsingalögum um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum um heildarlaun til stjórnenda og æðstu embættismanna, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 7. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, og að í lögum nr. 130/2016, um kjararáð, eru alþingismenn felldir í sama hóp hvað varðar launaákvæðanir og ýmsir æðstu stjórnendur hjá handhöfum framkvæmdarvalds, sbr. 1. gr. þeirra laga.

Á vef Alþingis er nú unnt að sjá t.a.m. upplýsingar um laun þingmanns, (þ.m.t. álagsgreiðslur), fastar kostnaðargreiðslur til hans (t.d. húsnæðis- og dvalarkostnaður) og hvað þingmaður hafi fengið endurgreitt fyrir útlagðan kostnað (t.d. ferðakostnað innanlands). Gert er ráð fyrir að sams konar upplýsingar verði birtar um fyrrverandi alþingismenn, en þær greiðslur verði þó aðeins birtar á ársgrunni en ekki sundurliðaðar eftir mánuðum.

Með bréfi þessu er fyrrverandi alþingismönnum, sem kjörnir voru til setu á Alþingi í alþingiskosningum á tímabilinu 2007 til 2016, gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við þessa fyrirætlun áður en til birtingar kemur. Er þess óskað að þær berist forsætisnefnd fyrir 13. júlí nk.

FORSETI ALÞINGIS